

Ed.

280. Frumvarp til laga

[150. mál]

um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Verðlaun Sonnings, sem Halldóri Laxness voru veitt í Danmörku snemma árs 1969, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd efri deildar flytur frumvarp þetta í samráði við ríkisstjórnina. Með lögum nr. 32 frá 13. marz 1956 voru Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness undanþegin tekjuskatti og útsvari, og sýnist einhlitt að fara eins að nú, er skáldið hefur aftur hlotið svo merk verðlaun á alþjóðavettvangi.